

ENN KOMIÐ HAUST

Tímarit **HJÚKRUNARFRÆÐINGA**
THE ICELANDIC JOURNAL OF NURSING

Tímarit hjúkrunarfræðinga
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6405
Bréfsími 540 6401
Netfang christer@hjukrun.is
Vefsíða www.hjukrun.is

Útgefandi: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Sími skrifstofu 540 6400

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Christer Magnusson

Ritstjórnarfulltrúi:
Sunna K. Símonardóttir

Tekið er á móti efni til birtingar á netfanginu
christer@hjukrun.is.
Leiðbeiningar um ritun fræðslu- og fræðigreina
er að finna á vefsíðu tímaritsins.

Ritnefnd:
Árún K. Sigurðardóttir
Brynja Örlýgsdóttir
Dórothea Bergs
Ingibjörg Jóna Friðbertsdóttir
Kolbrún Albertsdóttir
Sigríður Skúladóttir
Þorsteinn Jónsson

Ráðgjafi vegna handrits í ritrýni:
Herdís Sveinsdóttir

Fréttafni:
Aðalbjörg Finnbogadóttir, Christer Magnusson

Ljósmyndir:
Anders Olsson, Bjarni Eiríksson,
Christer Magnusson o.fl.

Pröförk og yfirlestur:
Ragnar Hauksson

Auglýsingar:
Pórdís Gunnarsdóttir, sími 866 3855

Hönnun:
Þór Ingólfsson, grafískur hönnuður FÍT

Prentvinnsla: Litróf
Upplag 4000 eintök

Pökkun og dreifing: Póstdreifing



Christer Magnusson.

Nú er sumarið búið og haustið tekið við með skinum og skúrum. Haustið er líka tíminn til að taka upp aftur vinnu að ýmsum verkefnum sem miða að því að bæta þjónustu við sjúklinga.

Nýlega lauk ráðstefnunni Hjúkrun 2011 en þar voru kynnt mörg rannsóknar- og gæðaverkefni. Öll sýna þau kraft og þrautseigju hjúkrunarfræðinga við að móta stöðugt starf sitt.

Á göngudeild lungnasjúklinga á Landspítala hafa hjúkrunarfræðingar unnið mjög merkilegt starf sem verðskuldar athygli. Tekist hefur að fækka talsvert bráðakomum vegna öndunarbilunar og bæta með sama móti líf lungnasjúklinga. Í blaðinu er ýtarleg grein þar sem lýst er starfsaðferðum hjúkrunarfræðinga á göngudeildinni en þessi aðferðafræði gæti örugglega nýst á öðrum göngudeildum.

Á sviði stjórnunar eru einnig merkilegir hlutir að gerast. Í viðtali er sagt frá því sem kallað er þjónandi forysta en það er stjórnunaraðferð sem einkennist af auðmýkt og högværð. Það eru orð sem við tengjum ekki vanalega við stjórnun en aðferðin hefur reynst árangursrík og samræmist vel nútímastarfsaðferðum.

Hjúkrunarfræðingar slá ekki slöku við að skrifa fræðigreinar. Nýlega birtust í Tímariti hjúkrunarfræðinga ellefu fræðigreinar í sambandi við Hjúkrun 2011 og hér birtast tvær í viðbót. Þær fjalla annars vegar um vinnuumhverfi sjúkraliða, helstu samvinnustéttar hjúkrunarfræðinga í umönnun, og hins vegar um áhrif svæðameðferðar á þunglyndi og kvíða. Í desember mun birtast rannsóknargrein um slökunarmeðferð. Hjúkrunarfræðingar hafa að því er virðist tekið upp á sína arma ýmiss konar viðbótarmeðferð og vilja skoða slíka meðferð á gagnreyndan hátt.

Þegar þetta tölublað kemur út hefur undirritaður ritstýrt fjórum árgöngum Tímarits hjúkrunarfræðinga. Ýmislegt hefur breyst í blaðinu á þessum fjórum árum en enn má gera betur. Til stendur að kanna viðhorf félagsmanna til þjónustu félagsins og meðal annars til Tímarits hjúkrunarfræðinga. Breytinga er því að vænta á næsta ári en eðli þeirra fer eftir hvað félagsmenn segja í könnuninni.